

# NETVERSLANIR & ÞJÓNUSTA

MIÐVIKUDAGUR 19. JÚNÍ 2013

## Spjallað á netinu

Þjónustuver Vodafone opnaði nýlega nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavini sína. **SÍÐA 2**

## Netverslun eykst

Sala á netinu með spjaldtölvum mun stóruaukast næstu fimm árin. **SÍÐA 4**

## Bestu flugurnar

Verslunin Veiðiflugur heldur úti vefverslun á [www.veidiflugur.is](http://www.veidiflugur.is) þar sem kaupa má úrval af veiðiflugum. **SÍÐA 6**

# Upplifun neytenda skiptir meira máli

Miklar breytingar hafa orðið á netverslunum undanfarinn áratug. Neytendur eyða meiri tíma í rannsóknarvinnu og seljendur leggja meiri áherslu á upplifun neytenda. Spáð er miklum vexti í netverslun á heimsvísu næstu árin og að árið 2020 fari 70% verslunar í heiminum fram á netinu.

**N**etverslun hefur tekið miklum breytingum undanfarinn áratug, bæði að því er snertir verslunina sjálfa og kauphegðun neytenda. Neytendur eru farnir að eyða mun meiri tíma en fyrir áratug í rannsóknarvinnu og netverslanir leggja ríkari áherslu á upplifun neytenda. Að sögn Soffíu Þórðardóttur, forstöðumans veflausna og sérþróunar hjá TM Software, eru gríðarlega spennandi tímar fram undan í netverslun. „Spár gera ráð fyrir að árið 2020 fari 70% verslunar í heiminum fram á netinu. Viðskiptavinir eyða líka miklu meiri tíma í dag í rannsóknarvinnu. Fyrir áratug tók kaupferlið hálfan dag en núna tekur það að meðaltali þrjá daga. Viðskiptavinir eru líka viljugri að kaupa dýrari vörur á netinu sem falla að lífsstíl þeirra. Við sjáum til dæmis aukningu í sölu húsgagna, bíla og dýrari vörumerkja sem hafa tilfinningalegt gildi fyrir neytendur.“

Netverslanir eru á sama tíma farnar að leggja meiri áherslu á upplifun fyrir viðskiptavininn og að bjóða þeim vörur og þjónustu

Neytendur eru viljugri en áður að kaupa dýrari vörur á netinu sem falla að lífsstíl þeirra.



sem henta lífsstíl hvers og eins. „Áður fyrr lögðu netverslanir meiri áherslu á að keppa í verði og afhendingartíma vörunnar. Það hefur breyst og nú leggja þær áherslu á að skilja lífsstíl neytandans og mæta þörfum hans. Því betur sem seljendur þekkja okkur því betri vörur og þjónustu geta þeir jú boðið okkur.“

## Snjallsímar og spjaldtölvur sækja á

Samruni ólíkra tækja og miðla skiptir líka miklu máli í þróun netverslunar næstu árin. Soffía bendir á að í dag fari 30% netverslunar fram í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur. „Það skiptir miklu máli fyrir verslanir að bjóða upp á samhlíða upplifun gegnum ólík tæki og miðla. Ég gæti til dæmis heyrt um áhugaverða vöru og skoðað hana í símanum mínum en klárað kaupin heima í tölvunni.“ Einnig munu „off-line“ og „on-line“ viðskipti blandast meira saman. „Ef einhver vill kaupa flík sem er mjög dýr er hægt að leggja stíma á netinu og skoða ólík vörumerki. Svo



Samruni ólíkra tækja og miðla skiptir miklu máli í þróun netverslunar næstu árin enda fara 30% netverslunar fram í gegnum snjallsíma og spjaldtölvur að sögn Soffíu Þórðardóttur, forstöðumans veflausna og sérþróunar hjá TM Software.

er hægt að fara í verslunina sjálfa, máta og þreifa á vörunni, en ganga frá kaupum heima í tölvunni. Ég sé þá þróun alveg eiga sér stað hérlandis enda yfirleitt stutt í næstu verslun.“

Í þessu samhengi bendir Soffía á hversu mikilvægt það er fyrir

verslanir hér á landi að koma upp netverslun. „Allur heimurinn er samkeppnismarkaður fyrir flestar íslenskar verslanir. Neytendur geta auðveldlega keypt flestar vörur og þjónustu frá erlendum netverslunum. Því skiptir miklu að viðskiptavinir geti skoðað vörurnar fyrst

á netinu áður en verslað er við innlendar verslanir. Þegar hefðbundin verslun bætir við sig netverslun verður ekki endilega mikil sala þar strax en tilkoma hennar getur þó aukið söluina í heildina séð. Þannig skiptir máli að neytendur geti kynnt sér hvað er til og á hvaða verði.“

# Afbragðs spjall við viðskiptavininn

Fyrir slétri viku opnaði þjónustuver Vodafone nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavininn sína. Nýja spjallið er notendavænna fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Með netspjalli er tímabæk bið á símalínu úr sögunni en í staðinn fá viðskiptavinir traust og tafarlaust svör.

**Þ**að þykir engum gaman að sitja lengi við símann og hlusta á tónlist eða skilaboð á meðan beðið er. Því hitti netspjall Vodafone í mark því þar eiga sér stað hiklaus og ánægjuleg samskipti,“ segir Ragnheiður Hauksdóttir, forstöðumaður þjónustovers Vodafone, sem í liðinni viku tók í notkun nýtt og öflugra netspjall fyrir viðskiptavininn sína.

„Við byrjuðum með netspjallið árið 2011 og það sló strax í gegn. Með nýju útgáfunni útvíkkum við þjónustuna enn frekar og mætum betur þörfum farsíma- og spjaldtölvueigenda,“ segir Ragnheiður.

Netspjall eru skrifleg samskipti í litlum skjáglugga þar sem viðskiptavinir geta haft beint og tafarlaust samband við þjónustufulltrúa á netinu.

„Í stað þess sem áður var, þegar viðskiptavinir biðu fastir á símalínunni, er nú hægt að vinna á meðan beðið er, brjóta saman þvott, sinna börnum, horfa á sjónvarp eða hvað sem er á meðan þjónustufulltrúi lítur á vandamálið og gerir lagfæringar í samskiptum á netspjallinu. Á netspjallinu er alltaf svarað um hæl og viðskiptavinurinn getur svarað á móti eftir eigin hentugleikum,“ útskýrir Ragnheiður.

Vodafone hefur gert kannanir meðal viðskiptavina sinna og spurt hvort þeir myndu mæla með þjónustuveri Vodafone við vini og kunningja. Að sögn Ragnheiðar hafa viðbrögðin verið einróma jákvæð og þjónustuverið fengið háa einkunn.

„Viðskiptavinir kunna vel að meta að þurfa ekki lengur að biða og fá þjónustu strax. Margir finna sig knúna til að senda okkur hrós eftir samskipti á netspjallinu, sem er afar ánægjulegt. Góð viðbrögð viðskiptavina hvetja okkur til enn frekari af-

reka og við hugsum stöðugt um hvað við getum gert betur til að skara enn meira fram úr,“ segir Ragnheiður.

## Hæfileikaríkt starfsfólk

Árið 2012 tók þjónustuver Vodafone á móti 475.000 símtölum en fyrirtækið sinnir nú um 381.000 þjónustuliðum fyrir viðskiptavininn sína.

„Allt er þetta mikil áskorun og því viljum við þjónusta viðskiptavininn á skilvirkari og skjótari hátt með netspjallinu. Til viðbótar við það erum við vakandi yfir því sem betur má fara hjá viðskiptavinum okkar og hringjum í þá að fyrra bragði ef við sjáum eitthvað sem betur mætti fara,“ upplýsir Ragnheiður.

Í virku netspjalli er Vodafone fyrirmynd annarra fyrirtækja og mikið leitað til fyrirtækisins vegna góðs árangurs á því sviði.

„Galdurinn við mikinn og góðan árangur netspjallsins felst í starfsfólkinu. Við veljum sérstaklega hæft fólk í þann hluta þjónustunnar því það á ekki við alla að halda uppi skriflegum samskiptum. Það getur reynst erfitt að taka upp símtöl og fá ekki lesið í svipbrögðum viðmælandans en þó er enn erfðara að ræða við ókunnuga með orðum á blaði og án raddar og svipbrögða. Slíkt krefst hæfileika og við hjá Vodafone erum afar lánsöm að eiga svo gott fólk í okkar röðum.“

## Leysa allan vanda með ánægju

Ragnheiður segir viðskiptavininn helst hafa samband við þjónustuverið þegar eitthvað bjáti á.

„Það upplifum við hins vegar aldrei sem leiðindi því viðskiptavinir eru yfirleitt kurtseisir og sú þjónusta sem við bjóðum upp á verður sífellt flóknari. Því er eðlilegt að



Ragnheiður Hauksdóttir er forstöðumaður þjónustovers Vodafone sem með nýrri útgáfu af öflugu netspjalli eykur enn á framúrskarandi þjónustu viðskiptavininn sína.

fólk sé óöruggt og þarfnist aðstoðar við úrlausn sinna mála. Við mætum vanda þess með ánægju og stjórnum samskiptum á þann veg að upplifun viðskiptavina sé góð og allt gangi hratt og vel fyrir sig,“ segir Ragnheiður.

Hún segir viðskiptavininn Vodafone geta leitað til þjónustoversins með allt milli himins og jarðar.

„Í nýju netspjalli er Vodafone með alla snertifleti, hvort sem viðskiptavinurinn

er með snjallsíma, spjaldtölvu eða tölvu. Þar er hægt að leita aðstoðar vegna farsíma, reikninga, net- og sjónvarpsstöðva, og tæknilegrar aðstoðar til fyrirtækja,“ útskýrir Ragnheiður.

„Ung kynslóð Íslendinga er með einþægum fjölbæf því hún er nánast alin upp í rafrænum heimi. Því fara starfsmenn nú létt með að veita viðskiptavinum Vodafone enn betri og skjótari þjónustu með hjálp nýjustu samskiptatækni.“

# HVERNIG VÆRI AÐ KÍKJA ÚT Í KVÖLD?

Kíktu á [midi.is](http://midi.is) til að sjá framboðið af tónleikum, kvikmynda -og leiksýningum og íþróttaviðburðum.



HARPA  
TÓNLISTAR- OG  
RÁÐSTEFNUHÚSÍÐ  
Í REYKJAVÍK



SALURINN



AUSTURBÆR



Borgarleikhúsið



HOF  
MENNINGARHÚS



ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ



LEIKFÉLAG  
AKUREYRAR



***midi.is***

# Gæta þarf fyllsta öryggis þegar verslað er á netinu

Með nokkrum einföldum ráðum er hægt að koma í veg fyrir stuld á bankaupplýsingum í gegnum netverslanir. Mikilvægt er að hafa ávallt varann á þegar persónuupplýsingar eru settar á netið.

**A**ukinni netverslun fylgir aukin hættu á að netþjótur finni leiðir til þess að stela bankaupplýsingum frá viðskiptavinum. Til eru ýmis ráð til þess að koma í veg fyrir að slíkt gerist.

## 1. Passaðu upp á að vefsíðan sé örugg

Mikilvægt er að vefsíðan sé læst með SSL-lás. Hægt er að athuga það í heiti síðunnar en ef lásin er á henni stendur fremst í heiti slóðarinnar: HTTPS:// en vanalega stendur aðeins HTTP://. Oft birtist líka lás neðst eða efst á síðunni. Ef S-ið og lásin eru til staðar þá ætti að vera öruggt að versla á síðunni.

**2. Ekki vista bankaupplýsingar á vefsíðum** Ef upp skyldi koma að brotist sé inn á netþjón vefsíðunnar og öllum bankaupplýsingum stolið er vissara að vera ekki búinn að vista upplýsingarnar. Þó svo að það taki örlítið lengri tíma í hvert skipti sem verslað er að skrifa inn allar upplýsingarnar þá er betra að hafa varann á.


**3. Fylgstu með bankayfirlitinu þínu** Farðu reglulega inn á heimabankann eftir að verslað er á netinu. Ef eitthvað kemur upp á verður að bregðast við því strax. Eftir 30 daga eða meira er ekki öruggt að geta fengið peninginn til baka ef um svindl var að ræða.

## 4. Notaðu eigin tölvu og vertu heima þegar þú gerir kaupin

Hættan við að versla í almennings-tölvum eins og til dæmis á bókasöfnum, í vinnunni eða á netkaffihúsum er að þú veist aldrei hver notar tölvuna á eftir þér eða er á sama neti og þú. Það er líka svo huggulegt að versla í náttfötunum heima.

## 5. Of gott til þess að vera satt?

Ef vara sem er yfirleitt dýr á öllum síðum finnst á einni vefsíðu mikið ódýrari, er það líklega of gott til að vera satt. Til þess að athuga hvort síðan sé í raun alvöru netverslun er hægt að spyrja leitarvélnar á netinu um það. Virkir netnotendur blögga oft um slíkt eða láta vita á Yahoo-answer.



Passaðu upp á persónuupplýsingar þegar verslað er á netinu.

# Sala á netinu með spjaldtölvum mun stóraukast næstu fimm árin

„Mobile Responsive“ netverslun er það sem koma skal að sögn Jóns Trausta Snorrasonar, netmarkaðsráðgjafa og verkefnastjóra hjá Allra átta. Allra átta er hópur sérfræðinga á netinu sem veitir íslenskum fyrirtækjum vefráðgjöf. Þeir greina þarfir, aðstoða við stefnumótun, hönnun, forritun, hýsingu og markaðssetningu á netinu.

## Stöðug aukning á sölu gegnum netið á næstu fimm árum

„Samkvæmt nýjustu rannsóknum Forrester Research hefur netverslun í Ameríku síðustu fimm árin vaxið tvöfalt hraðar en öll smásala samanlögð. Það lítur út fyrir að þessi þróun muni halda áfram næstu fimm árin og samkvæmt niðurstöðum rannsókna telja menn að árið 2017 muni sala gegnum netið vera tíu prósent af allri smásölu,“ segir Jón Trausti. Hann telur því ljóst að mikið sé í húfi fyrir smásala sem og heildsala. „Stærstu tækifærin og mesti vaxtarbroddurinn í netverslun verður því á netinu næstu árin.“

## 20% af sölu helstu netverslana eiga sér stað með „mobile“-tækjum

„Það er ekki nóg að setja „bara“ upp netverslun. Mikil aukning í notkun spjaldtölva og sú staðreynd að skjárin á þeim er stærri og notendavænni en á farsímum hefur leitt til þess að viðskiptavinir nota spjaldtölvur í auknum mæli við að kaupa vörur og þjónustu gegnum netið,“ segir Jón Trausti.

Hann bendir á að samkvæmt tölum frá fyrirtækinu Monetate aukist ekki aðeins salan á netinu

heldur séu þær upphæðir á vörum og þjónustu sem verslað er með gegnum netið stöðugt að hækka. „Rannsóknarfyrirtækið eMarketer spáir því að 62,5% af allri „mobile“-netverslun muni koma í gegnum spjaldtölvur árið 2013. Samkvæmt nýjustu spám mun netverslun gegnum spjaldtölvur og snjallsíma verða 71,5% árið 2017,“ upplýsir Jón Trausti.

## „Mobile Responsive“-netverslun er nútíðin

Með markvissri netmarkaðssetningu er mögulegt að stórauka heimsóknir inn á vefsíður að sögn Jóns Trausta. „Og með því að skrifa leitarvélavæna texta og nota leitarvélbestað myndefni geta leitarvélarsíms eins og Google betur fundið síður á undan samkeppnisadilum.“

Það er ekki lengur nóg að setja upp netverslun og vona að viðskiptavinir láti sjá sig. Vel markaðssett netverslun, sem hefur texta og myndefni sem Google getur lesið, mun koma fyrirtækjum vel áleiðis í netsölu,“ segir hann og bendir jafnframt á að það að netverslunin aðlagi sig að nýjustu „mobile“-tækjum sé ekki lengur framtíðin, heldur nú-



Þeir sem þurfa að uppfæra netverslunarkerfi eða setja upp nýja netverslun frá grunni ættu að leita til sérfræðinga. Hjá Allra átta, www.8.is, starfar hópur sérfræðinga á netinu sem veitir íslenskum fyrirtækjum vefráðgjöf.

tíðin. „Helstu kostir „Mobile Responsive“-netverslunar eru þeir að netverslunin er sérstaklega hönnuð og forrituð fyrir spjaldtölvur og snjallsíma og aðlagar sig að þessum tækjum.“

## Leitaðu til sérfræðinga í netmarkaðssetningu

Þeir sem þurfa að uppfæra netverslunarkerfi eða setja upp nýja netverslun frá grunni ættu að leita til sérfræðinga að sögn Jóns

Trausta. „Þeir geta þá aðstoðað við að setja upp „mobile“-netverslun sem Google getur lesið.“

Nánari upplýsingar um Allra átta má nálgast á [www.8.is](http://www.8.is)

# Þú þarft ekki að kynna þig aftur

Þú þarft bara einn notanda fyrir allar síðurnar  
í tölvunni, símanum eða spjaldtölvunni



Innskráning

**Tónlist, bækur og miðar í bíó.** Eitt og sama notandanafnið virkar á allar síðurnar þannig að notandi þarf aðeins að skrá sig einu sinni inn til að hafa aðgang að öllum síðunum.

 **Tónlist.is**

Tónlist.is er íslensk tónlistarveita með íslenska og erlend tónlist.

 **Bækur**

Stærsta bókabúð landsins. Íslenskar og erlendar raf- og hljóðbækur í miklu úrvali.

 **eMiði**

Ný miðaverslun á netinu sem selur miða á allar sýningar í Smárabíói og Háskólabíói.

# Prjónafuglinn flýgur af landi brott

Hjónin Lilý Erla Adamsdóttir, myndlistarkona og textílnemi, og Trausti Dagsson, forritari og þjóðfræðinemi, sameinuðu áhugamál sín og hönnuðu forrit fyrir prjónaáhugafólk. Með því geta notendur hannað prjónauppskriftir, til dæmis upp úr ljósmyndum og öðrum myndum á tölvutæku formi. Forritið má nálgast á vefsíðunni [www.knitbird.com](http://www.knitbird.com).

Þetta hófst skömmu eftir að við byrjuðum saman. Ég er alltaf prjónandi og það vakti áhuga Trausta á prjónauppskriftum. Honum datt þá fljótlega í hug að gera lítið forrit til að teikna mynstur fyrir uppskriftir," segir Lilý Erla Adamsdóttir, myndlistarkona og nemi í textíl við Myndlistaskólann í Reykjavík. Trausti Dagsson, eiginmaður hennar, er mastersnemi í þjóðfræði, forritari og hönnuður í frístundum.

Hugmyndin um litla forritið gleymdist raunar, en fyrir jóln 2010 vantaði Lilý sárlega slíkt forrit því hana langaði að gefa fólkinu sínu rósabandsvettlinga með eigin mynstri. Þá hannaði Trausti einfalt teikniforrit. Jafnframt því sem vettlingunum fjölgaði datt Lilý fleira í hug sem gæti bætt forritið og bað Trausta að bæta því við. „Að lokum var það orðið mun umfangsmeira en við höfðum séð fyrir okkur, svo við ákváðum að þróa það enn meira og deila því með öðrum.“

Útkoman var KnitBird sem er forrit til að teikna prjónauppskriftir. Það hefur flest tákinn sem notuð eru í uppskriftum, tákni fyrir úrtökur og útaukningu, kaðla og fleira sem flóknari prjónauppskriftir þurfa að hafa. Hægt er að setja inn texta og breyta myndum í mynstur. „Svo er



Trausti Dagsson klæðist hér peysu sem Lilý prjónaði og hannaði með hjálp KnitBird.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

nóg af verkfærum til að snúa, spegla og færa til mynstrið sem verið er að vinna. Það auðveldar manni að gera símynstur og samhverfur. Auðvelt er að skipta út litum til að bera saman mismunandi litasamsetningar," segir Lilý og bætir við að þeim finnist mikilvægt að forritið sé einfalt í notkun.

Það er nóg að gera hjá hjónunum



Lilý Erla Adamsdóttir er síprjónandi og stundar nú nám í textíl við Myndlistaskólann í Reykjavík.

MYND/DANIEL RÚNARSSON

í sumar, en jafnframt því að sinna ýmsum verkefnum, svo sem myndlistarsýningum og mastersverkefni, vinna þau að uppfærslu KnitBird-forritsins. „Til dæmis viljum við að forritið bjóði upp á uppskriftir að vettlingum, peysum, húfum, sokkum og fleiru sem má svo teikna inn á," segir Lilý. „Við höfum fengið ábendingar


frá notendum og könnuðum einnig hvað fólk líkaði eða mislíkaði, hvaða möguleika fólk væri að nota og hvað ekki. Við ætlum að endurhanna viðmótið og reyna að einfalda allt til muna.“

Hægt er að kaupa forritið á heimasíðunni [www.knitbird.com](http://www.knitbird.com), en Lilý segir söluna hafa gengið ágætlega. „Í

fyrstu seldum við mest innanlands en núna virðist meira en helmingur notenda vera utan landsteinanna, meðal annars í Noregi og Bandaríkjunum.“

Lilý hefur auk þess opnað prjónablogg með persónulegu ívafi á síðunni [blog.knitbird.com](http://blog.knitbird.com).

[halla@365.is](mailto:halla@365.is)



Baldur Traustason, sonur prjónahjónanna, kann vel við teppið sem mamma hans hannaði með hjálp KnitBird-forritsins.

Teppið er prjónað úr tvöföldum plötulopa með garðaprjóni. Hver rúða á myndinni táknar tvær lykkjur og tvær umferðir.

Í lokin er heklaður kantur að vild utan um teppið, en mín aðferð var að hekla fastalykkjur allan hringinn og svo takkabúndu ofan í þær. Hún er heklud þannig að það er heklað í aðra hverja lykkju: tveir hálfstuðlar, einn stuðull og tveir hálfstuðlar.

Að lokum er gott að handþvo teppið upp úr lopusápu eða engri sápu og leggja til þerris. Góða skemmtun og gangi ykkur vell!



Allar flugurnar sem Veiðiflugur selja koma úr smiðju Jóns Inga Ágústssonar. Flugurnar á myndinni kallast Sun Ray Fish Skull.

MYND/JÓN INGI ÁGÚSTSSON

## Bestu laxaflugurnar allar á einum stað

Verslunin Veiðiflugur er eina sérhæfða fluguveiðiverslun landsins og er fluguúrvalið eftir því. Þar má finna mesta úrval landsins af veiðiflugum og gæðin eru ávallt í fyrirrúmi.

„Allar okkar flugur koma úr smiðju Jóns Inga Ágústssonar og eru í hæsta gæðaflokki," segir Hilmar Hansson, eigandi verslunarinnar. „Við vorum að taka inn stærstu sendingu sumarsins og meðal nýjunga eru Tiger-snældur, Fish Skull Sunray, Dreka-snældur, Tungsten Francis-túpur og fjórar tegundir af nýjum foam-þurrflugum fyrir silung og margt fleira.“

Auk þess býður verslunin upp á mikið úrval af púpum og straumflugum fyrir silung og yfir 50 tegundir af þurrflugum fyrir silung. „Við erum að sjálf-sögðu með gífurlegt úrval af hefðbundnum laxaflugum, einkrækjum, tvíkrækjum og þríkrækjum," segir Hilmar og bætir við að þau leggi áherslu á að vera



alltaf með eitthvað nýtt á hverju ári. „Við tókum nýlega við umboðinu fyrir hinar frábæru Loopveiðivörur á Íslandi. Og nú í vor kom svo Guideline með enn eina verðlaunastöngina, LXI.“

Verslunin er ævintýraland fyrir veiðimenn og þar fæst ríku-

legt úrval veiðivarnings af öllu tagi. Flestar vörurnar fást einnig í netverslun Veiðiflugna, ásamt flugum og fróðleik.

Veiðiflugur eru á Langholtsvegi 111 í Reykjavík, sími 527-1060. Nánari upplýsingar á [www.veidiflugur.is](http://www.veidiflugur.is) og [www.fishingflies.is](http://www.fishingflies.is).

# BUY IS

## Stór epli, lítil epli, allskonar epli

### Á góðu verði fyrir þig!



MacBook Air 11"

128GB  
\$1.119  
169.926  
MD711LL/A

256GB  
\$1.419  
215.482  
MD712LL/A



MacBook Air 13"

128GB  
\$1.219  
185.111  
MD760LL/A

256GB  
\$1.519  
230.668  
MD761LL/A



MacBook Pro 13,3"

2,5GHz  
\$1.235  
187.541  
MD101LL/A

2,9GHz  
\$1.785  
271.061  
MD102LL/A



MacBook Pro 15"

MD103LL/A  
\$2.099  
318.744  
MD103LL/A



MacBook Pro 13" Retina

2,5GHz  
\$1.659  
251.927  
MD212LL/A

2,6GHz  
\$1.879  
285.336  
ME662LL/A



MacBook Pro 15" Retina 256GB

2,4GHz  
\$2.455  
372.804  
ME664LL/A

2,7GHz  
\$3.150  
478.343  
ME665LL/A




iPhone 5  
16GB  
Black/White

\$755  
114.651.-

2,5GHz  
\$756  
114.802  
MD387LL/A

2,3GHz  
\$952  
144.566  
MD388LL/A

server  
\$1.208  
183.441  
MD389LL/A



Mac Mini



iPod Touch Retina  
Black & Silver 16GB

\$290  
44.038.-

verð frá  
27.182.-



Apple Care  
3 ára ábyrgð

Greiðslumöguleikar: Erlend bankamillifærsla, Greiðsla með Visa, Euro eða Amex, Greiðsla með PayPal.

Öll verð miðast við gengi USD gagnvart ISK og geta breyst án fyrirvara.

Öll verð eru með 25,5% vsk en við pöntun er greitt í USD fyrir vöru og flutning. 25,5% vsk greiðist við afhendingu.

Viðskiptavinir Buy.is velja samkeppni og flytja sjálfir inn sínar Apple vörur. Þannig getur "umboðsaðili" Apple á Íslandi ekki komið í veg fyrir innflutninginn og þar með lækkar verð Apple vara á Íslandi. Allar vörur sem Buy.is selur eru seldar með lögbundinni 2 ára ábyrgð til neytenda en 1 árs ábyrgð til fyrirtækja þjónustuaðili vegna ábyrgðarþjónustu er Tölvugreining.is - [www.tolvugreining.is](http://www.tolvugreining.is)

Buy.is LLC 1001 Cambridge Square, Atlanta, Georgia, USA • Sími: 415-1100



### ILLA HANNAÐAR VEF-SÍÐUR VARASAMAR

**Svikahrappar sitja** stöðugt um þá sem versla á netinu í von um að komast yfir nákvæmar upplýsingar, til dæmis kortanúmer.

Á vefsíðunni money.msn.com er þeim sem stunda vefverslun meðal annars ráðlagt að varast vefsíður sem eru illa hannaðar hvað útlitið varðar. Illa samsett síða gefur til kynna að ekki standi fagmenn á bak við hana. Það sama á við um síður þar sem margir sprettigluggar (e. pop-up window) birtast sem ekki er hægt að loka. Ef það gerist skal loka glugganum og slökkva á vafranum.

Þá er talið varasamt að opna vefsíðir sem sendar eru í tölvupósti, beint úr póstinum. Það sé líklega svindlsíða á ferðinni þar sem alvöru netverslanir biðji kaupendur ekki um bankaupplýsingar í gegnum tölvupóst. Öruggara er að slá inn vefsíðu þeirrar síðu sem ætlunin er að skoða handvirkt inn í nýjan glugga.



### FYRSTA NETVERSLUNIN

Talið er að fyrsta netverslunin hafi verið sett á stofn af veitingastaðnum Pizza Hut árið 1994. Þar var hægt að panta pitsur í gegnum netið. Hugmyndin vaknaði í kjölfar þess að bankar opnuðu einkabanka fyrir viðskiptavinum sína á netinu.

Eftir þetta byrjaði boltinn að rúlla og ári síðar voru fyrirtækin Amazon og Ebay stofnuð sem eru í dag tvær stærstu netverslanir í heiminum. Amazon var stofnað sem bókabúð á netinu og Ebay sem uppboðsfyrirtæki en í dag eru þessi fyrirtæki lík að mörgu leyti.

## ÍSLENSKIR TOLLAR OG ERLENDAR NETVERSLANIR

**Ýmis gjöld** eru lögð á vörur sem pantaðar eru á netinu, þegar þær koma til landsins. Á verð frá seljanda leggst flutningsgjald og trygging, tollurinn reiknast út frá þeirri summu, virðisaukaskatturinn bætist ofan á þá heild og að lokum greiðast þjónustugjöld til tollmiðlara. Verðið getur því hæglega tvöfaldast og jafnvel meira, sé um að ræða ódýra vöru.

Gjöldin eru mismunandi eftir því hvað pantað er, en á vefsíðu tollsins er reiknivél sem auðveldar almenningi að áætla kostnaðinn.

Þegar verslað er við land sem Ísland hefur gert fríverslunarsamning við gæti tollurinn verið lægri eða jafnvel enginn, en til þess þarf innflytjandi að óska eftir fríðindameðferð og framvísa sönnun um uppruna vörunnar.

Gjafir eru í ákveðnum tilvikum tollfrjálsar, en upplýsingar um þau tilvik má nálgast á heimasíðu tollsins.

Heimild: [www.tollur.is](http://www.tollur.is)



## HVAR OG HVENÆR SEM ER

Með Arion appinu tekur þú stöðuna með einum smelli hvar og hvenær sem er.

Þú færð appið á [Arionbanki.is](http://Arionbanki.is).



Skannaðu QR kóðann og sæktu appið frítt í símann þinn.



 Arion banki